

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar beggja vegna gatnanna Grænátúns og Ástúns.
2. Tvær hraðahindranir skulu settar upp á Borgarholtsbraut, önnur við Skólagerði og hin við hús nr. 57.
3. Biðskylda skal vera í afrennslisrein frá Borgarholtsbraut í hægri beygju inn á tengiveg Hafnarfjarðarvegur.
4. Biðskylda skal vera á þvergötum Bröttubrekku, þ. e. Lyngheiði, Bjarnhólastíg og Víg-hólastíg.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 19. júlí 1985.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum Bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi.

1. Biðskylda:

1.1. Umferð um Bárugötu nýtur forgangs fyrir umferð um Hafnarbraut að vestanverðu.

1.2. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

1.3. Umferð um Vogabraut nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

1.4. Umferð um Jörundarholt nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

2. Stæði fyrir stóra bíla:

Með tilvísun til lögreglusamþykktar Akraness nr. 472/1984, 24. gr. eru eftirtalin svæði ætluð til lagningar stórra bíla.

2.1. Í Jörundarholti á þar til merktu svæði.

2.2. Á lóð Þjóðbrautar 3 (Rörasteypuport).

3. Bann við bifreiðastöðum:

Bifreiðastöður eru bannaðar við Vesturgötu vestanverða, frá Háholti að Vallholti.

Reglur þessar taka gildi frá og með birtingu þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 22. júlí 1985.

Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.